

## REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð um útlendinga, nr. 540/2017.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

### Ákvæði til bráðabirgða.

Útlendingi sem dvaldi hér á landi fyrir 20. mars 2020 í samræmi við 8. gr. reglugerðarinnar og 1. mgr. 49. gr. útlendingalaga en hefur ekki komist til síns heima vegna ferðatakmarkana, sóttkvíar eða einangrunar er heimilt að dvelja hér á landi án dvalarleyfis eða vegabréfsáritunar til og með 1. júní 2020.

Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir frávisun eða brottvísun þeirra sem voru í ólögumatri dvöl fyrir 20. mars 2020 eða frávisun eða brottvísun á öðrum grundvelli samkvæmt ákvæðum útlendingalaga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 49. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 2. apríl 2020.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Haukur Guðmundsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2020